

verða embættinu ofvaxið; en á hinn bóginn hafi þér stungið uppá, að byggt verði hús handa optnefndum sýslumanni á kostnað ríkissjóðsins, og með því skilyrði, að sýslumaður skuli skyldur að halda húsinu við á sinn kostnað, eða þá, ef þetta ekki fengist, að embættinu væri veitt leigulaust lán, fram undir 2000 rd., til þess að byggja þvílíkt hús, og með þeim skilmálum, að borga skyldi lánið aptur með 100 rd. á ári, en sýslumaður halda húsinu við.

Stjórnarráðið verður nú að vísu að viðurkenna, að eptir því sem ástatt er á Vestmannaeyjum getur það verið örðugt fyrir sýslumanninn þar að útvega sér bústað, sem honum sé hæflegur, en að líkindum geta lík vandkvæði risið upp fyrir mörgum þeim sýslumönnum á Íslandi, sem samkvæmt lögum 15. apríl 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi eru skyldir að taka sér bústað í verzlunarstöðum landsins, t. a. m. sýslumönnum í Ísafjarðar og Snæfellsness sýslum, og eru þeir þó að því leiti verr staddir, að tekjur þeirra eru minni en tekjur sýslumannsins í Vestmannaeyjum. Samt sem áður hefi eg skrifazt á við innanríkisstjórnina um þetta, en hún hefir svarað því á þá leið, að hún ekki gæti gefið jákvæði sitt til, að peningar þeir sem til þessa þyrfti væri goldnir úr ríkissjóðnum. Dómsmálastjórnin getur því ekki gjört frekara í þessu efni.

Frá þessu er herra stiptamtmaninum skýrt til vitundar og frekari auglýsingar.

## 22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæmunum um póstaðgreiðsluna á Akureyri. 26. ágúst.

Með þóknanlegu bréfi 30. janúar þ. á. hafði þér, herra amtmaður! sent hingað beiðni frá Birni Jónssyni, sem settur er til að afgreiða póstinn á Akureyri, um að sér væri veitt þóknun fyrir ómak sitt og kostnað við afgreiðslu þessa. Í tilefni af þessu hafði þér stungið uppá, að nefndum B. Jónssyni sé veitt 20 rd. þóknun fyrir þann tíma sem hann þegar hefir afgreidt



1857.  
26. ágúst. póstinn, af peningum þeim, sem ætlaðir eru til póstgánga á Íslandi, en að starf þetta eptirleidis, meðan sýslumaðurinn í Eyjafjarðar sýslu ekki er búsettur á Akureyri, án nokkurs sérlegs endurgjalds úr opinberum sjóðum verði falid á hendur þeim manni, sem sýslumanninum er gjört að skyldu að launa til þess að hafa lögreglustjórn á verzlunarstaðnum, og til þess að hafa umsjón með skipum þeim, sem þangað koma frá útlöndum.

Stjórnarráðið fellst nú að vísu á skoðun herra amtmannsins um hið síðarnefnda atriði, en álitur þó á hinn bóginn, að nefndur B. Jónsson ekki heldur eigi heimting á þóknun sérilagi fyrir afgreiðslu póstsins um umliðinn tíma, þar hann einmitt á þeim tíma hefir haft á hendi erindi sýslumannsins í Eyjafjarðar sýslu, og fyrir þenna starfa þegið 20 rd. þóknun úr opinberum sjóði á ári.

30. septbr. **23. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi um fjárkláðann.**

Í bréfi 13. f. m. hefir herra stiptamtmaðurinn skýrt dómsmálastjórninni frá því, sem til þess tíma var aðgjört í máli því, er borið var undir alþingi, um fjárkláðann í suður-umdæminu á Íslandi; en fremur hafid þér í bréfi 21. s. m., þá er alþingi hafði lokið umræðum málsins, skýrt frá því, að lagafrumvarp það, er alþingi hafi samþykkt<sup>1)</sup>, meðal annars fari því fram: að

1) Lagafrumvarp það sem alþingi þannig hafði fallizt á, hljóðar þannig:

Tilskipun

til þess að útrýma og varna útbreiðslu fjárkláðans.

1. gr. Í þeim fjórum sýslum, Árness-, Gullbringu- og Kjósarsamt Borgarfjarðar-sýslum, skal almennt farga sauðfænaði haustið 1857, með þeim takmörkunum sem hèreptir segir.

2. gr. Sérhver búandi, sem grasnyt hefir, má setja nokkrar ær á vetur, en þó svo, að enginn má setja á fleiri ær en 100, að meðtöldum kúgildisám.